

Tveim vikum fyrir ársfund skal gjaldkeri hafa samið reikning fyrir liðið reikningsár og sent hann kjörnum endurskoðendum.

Endurskoðendur skulu kanna reikninga félagsins og skila athugasemdum sínum til stjórnar minnst viku fyrir ársfund.

Gjaldkeri skýrir reikninga á ársfundi.

#### 17. gr.

##### Fjármál.

Fjármagna skal allan rekstur safnsins með virðulegum hætti. Óheimilt er að veita viðtöku hagsmunum ef fylgja skilyrði er fara í bága við markmið safnsins.

Stjórn er heimilt að sækja um styrki til viðurkenndra lista- og menningarstofnana, innlendra sem erlendra.

Stjórn er heimilt að innheimta aðgangseyri á sýningum.

Stjórn er heimilt að selja innan veggja safnsins eftirgerðir af listaverkum, bækur, tímarit og annað þess háttar, enda fari það eigi í bága við heimildir safnsins.

#### 18. gr.

##### Breytingar á skipulagsskrá.

Tillögur til breytinga á skipulagsskrá þessari verða því aðeins bornar upp á ársfundi að þær hafi borist stjórn félagsins fyrir 1. apríl, og þær séu undirskrifaðar að  $\frac{1}{6}$  hluta atkvæðisbærra félagsmanna hið fæsta. Undirskrift samkvæmt umboði er gild.

Stjórn skal senda gildar tillögur til breytinga á skipulagsskrá með fundarboði til ársfundar. Hjóti slík breytingartillaga atkvæði  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæðisbærra félagsmanna á ársfundi er hún löglega samþykkt.

#### 19. gr.

##### Félagsslit.

Verði starfsemi félagsins og safnsins lögð niður skulu allar eignir renna til aðila sem þá er til eða síðar kann að verða stofnað til og hefur sömu markmið og Nýlistasafnið.

Starfsemi félagsins og safnsins verður því aðeins lögð niður að tillaga þar að lútandi sé kynnt í fundarboði að ársfundi og samþykkt með atkvæðum  $\frac{4}{5}$  hluta atkvæðisbærra félagsmanna.

#### 20. gr.

##### Staðfesting á skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

19. maí 1978.

Nr. 209.

## REGLUGERÐ

### um holræsagjöld í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Fellahreppi, á lóð eða leigir lóð í hreppnum, við götu veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Holræsagjald skal vera 0.15% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat nr. 28 29. apríl 1963.

Lágmarksfjárhæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal þó aldrei vera lægri en kr. 2000.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum, kr. 10 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 5 á hvern rúmmetra í öðru húsnæði.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki holræsagjald.

### 2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- eða íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslum gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

### 3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps, Norður Múla-sýslu og staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## A R Ð S K R Á

### fyrir Veiðifélag Mývatns.

- Allir strandeigendur við Mývatn hafa einkarétt til netaveiði á 60 faðma breiðu belti út frá landi sínu.
- Þar fyrir utan hafa öll lögbýli 38 að tölu 1.5% veiðirétt.
- Allar gömlu jarðirnar 13. Geirastaðir, Vindbelgur, Syðri-Neslönd, Ytri-Neslönd, Grímsstaðir, Reykjahlíð, Vogar, Geiteyjarströnd, Kálfaströnd, Garður, Skútu-  
staðir, Álftagerði, Haganes, hafa 3.3% veiðirétt hver jörð, sem síðan skiptist á milli lögbýlanna í hlutfalli við eignarhluta hvers og eins fyrir sig í gömlu jörðunum.

Samkvæmt ofanrituðu yrði veiðiréttur hvers lögbýlis sem hér segir:

Álftagerði I .....	2.325%
Álftagerði II .....	2.325%
Álftagerði III .....	2.500%
Álftagerði IV .....	2.160%
Bjarg .....	1.913%
Björk .....	2.050%
Borg .....	2.600%
Garður I .....	3.150%
Garður II .....	3.150%